



Borgarráð

Reykjavík, 5. janúar 2026

MSS25120128

## Útnefning heiðursborgara Reykjavíkur - trúnaðarmál

Lagt er til að borgarráð samþykki að útnefna Guðjón Friðriksson sem heiðursborgara Reykjavíkurborgar.

### *Greinargerð:*

Guðjón Friðriksson er einn fremsti sagnfræðingur og rithöfundur landsins. Í meira en hálfa öld hefur hann verið áberandi í íslensku menningarlífi, fyrst sem blaðamaður og síðar sem höfundur sagnfræðiritra sem hafa dýpkað skilning okkar á sögu Reykjavíkur og íslensku samfélagi. Hann hefur með störfum sínum gert söguna aðgengilega almenningi, byggt brú milli fræðimennsku og daglegs lífs. Fáir ef nokkrir hafa gert meira til að lyfta sögulegu sjálfsmynd Reykjavíkur en Guðjón.

Guðjón fæddist og ólst upp í Reykjavík, lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1965 og BA-prófi í sagnfræði og íslensku frá Háskóla Íslands árið 1970, auk prófs í uppeldis- og kennslufræði 1971. Hann starfaði við kennslu á áttunda áratugnum en sneri sér síðan að blaðamennsku og var blaðamaður á Þjóðviljanum í nær heilan áratug, þar á meðal ritstjóri Sunnudagsblaðsins Þjóðviljans. Árið 1985 var hann ráðinn af Reykjavíkurborg sem ritstjóri Sögu Reykjavíkur og sinnti því til ársins 1991. Síðan þá hefur hann verið sjálfstætt starfandi rithöfundur og sagnfræðingur. Afraksturinn er umfangsmikið ævistarf sem spannar bókaútgáfu, greinar- og ritgerðarskrif og þáttagerð fyrir útvarp og sjónvarp.

Verk Guðjóns ná yfir vítt svið íslenskrar sögu. Má þar til dæmis nefna tveggja binda Sögu Reykjavíkur, Bærin vaknar, ævisögur Einars Benediktssonar, Jóns Sigurðssonar, Hannesar Hafsteins og Halldórs Ásgrímssonar. Þá hefur hann fjallað á einstakan hátt um sögu fjölmiðla á Íslandi, samvinnuhreyfinguna, sögu fráveitu og Faxaflóahafna, sögu Rauða krossins á Íslandi og ekki síst sögu barna í Reykjavík. Allt eru þetta verk sem varpa ljósi á þróun íslensks samfélags.

Guðjón hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir ritstörf sín og er í hópi verðlaunuðustu fræðihöfunda landsins. Hann hlaut Móðurmálsverðlaun úr Minningar sjóði Björns Jónssonar árið 1985, Menningarverðlaun Visa-Íslands árið 2000 og hefur sjö sinnum verið tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og hlotið þau fjórum sinnum, fyrir.



Reykjavík



Þá hefur hann hlotið Verðlaun Jóns Sigurðssonar, verið sæmdur riddarakrossi Hinnar íslensku fálkaorðu og hlaut Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar fyrir framúrskarandi starf í þágu íslenskrar tungu. Árið 2025 var hann útnefndur heiðursfélagi í Sagnfræðingafélagi Íslands.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri